



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða

Orkubú Vestfjarða  
B/t Sveins Rúnars Júlíussonar  
Stakkanesi 1  
400 Ísafjörður

6. apríl 2017  
MÍ201704-0012/ 6.10 / E.Í.

## Arnardalur í Skutulsfirði, lagning strengs.

Með tölvubréfi dagsett 31.03.2017 óskaði Sveinn Rúnar Júlíusson, fyrir hönd Orkubús Vestfjarða, eftir umsögn minjavarðar um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu strengs í Arnardal. Hnit og kort fylgdi með umsókninni. Minjavörður kannaði svæðið á vettvangi þann 06.04. 2017 síðastliðinn. Engar þekktar fornleifar eru sjáanlegar á framkvæmdasvæðinu. Minjastofnun Íslands gerir því ekki athugasemdir við framkvæmdirnar svo fremi sem strengurinn verði lagður ofan við veg, eins og teikningarnar sýna. Best að leggja strenginn eins nálægt veginum og leyfilegt er.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,

Einar Ísaksson

*Afrit sent: skipulagsstofnun*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsvæðingum og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Einar Ísaksson**

einar@minjastofnun.is

